



Veðurstofa Íslands Greinargerð

Halldór G. Pétursson, Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri
Þorsteinn Sæmundsson, Veðurstofu Íslands


Saga skriðufalla á Seyðisfirði, 1882-1997

VÍ-G98024-ÚR19
Reykjavík
Júlí 1998

Inngangur

Skýrsla sú sem hér fer á eftir fjallar um sögu skriðufalla á Seyðisfirði og er unnin í tengslum við könnun á aurskriðuhættu á Seyðisfirði, en það er samvinnuverkefni Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ákveðið var að gefa út sögu skriðufalla í sér skýrslu, þar sem hún getur nýst mun fleirum á þann hátt.

Þær upplýsingar sem notaðar hafa verið til að setja saman sögu skriðufalla á Seyðisfirði eru fyrst og fremst fengnar frá Ólafi Jónssyni (1957) og Halldóri G. Péturssyni (1991, 1992, 1995, 1996). Þessar heimildir eru aðallega byggðar á upplýsingum sem safnað hefur verið saman úr dagblöðum og öðrum prentuðum heimildum. Elsta heimildin um aurskriður á Seyðisfirði er frá árinu 1882, en næsta öruggt er að mikil skriðuvirkni hefur áður verið á svæðinu. Gera má ráð fyrir að heimildarskráningin sé gloppótt og að einhverjar skriður sem fallið hafa eftir 1882 vanti í upptalninguna. Á þessu tímabili hafa margar aurskriður fallið, bæði fyrir ofan byggðina og einnig víðar í firðinum. En eins og oft vill verða þá er frekar getið um þá atburði sem einhverju tjóni hafa valdið. Minna er fjallað um hina, þótt þar hafi ef til vill verið á ferðinni mjög stórar skriður. Þessi skrá gefur þó sennilega nokkuð rétta mynd af fjölda skriðudaga á Seyðisfirði, en heildarfjöldi skriðna hefur að öllum líkindum verið mun meiri en hér kemur fram. Á þessu tímabili er staðsetning 34 skriðna þekkt, en ekki er ólíklegt að heildarfjöldi fallinna skriða sé vel yfir 100, jafnvel nálægt 200.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af Seyðisfirði.

Upptalningin hér á eftir gefur góða hugmynd um þá virkni og þá miklu ógn sem steðjar að bæjarfélaginu af völdum skriðufalla, enda hafa þau oft valdið miklum usla í bænum. Fimm manns hafa farist í aurskriðum á þessum 116 árum og í mörgum tilfellum hefur litlu mátt muna að fleiri stórslys yrðu. Gríðarlegt eignartjón hefur orðið og oft hefur bæjarfélagið lamast þegar mest hefur gengið á.

Eins og kemur fram í skránni þá falla yfirleitt margar skriður í sömu hrynunni bæði innan og utan bæjarmarkanna. Sá háttur er hafður á hér, að hverri skriðu er lýst sem hægt er að staðsetja samkvæmt heimildum. Þetta veldur oft endurtekningum t.d. á veðurlýsingum og ýmsum öðrum lýsingum, en þar sem litið er á hverja skriðu sem einstakan atburð er annað óhjákvæmilegt.


Landfræðilegar aðstæður

Kaupstaðurinn Seyðisfjörður liggur í botni samnefnds fjarðar. Megin hluti fjarðarins liggur í ANA-VSV stefnu en innsti hlutinn er grafinn í NNA-SSV (Mynd 1).


Til glöggvunar á upptalningu örnefna hér á eftir er rétt að hafa myndir 1, 2 og 3 til hliðsjónar.

Að suðaustanverðu rísa fjöllin Strandartindur, Miðtindur og Innri Strandartindur upp í og yfir 1000 m hæð. Strandsvæðið neðan undir Strandartindi nefnist einu nafni Fjarðarströnd. Hlíðar Strandartinds eru mjög brattar og skornar djúpum giljum. Ystu gilin, sem hér er fjallað um liggja upp af Grenistanga, en þar innan við er Imslandsgil. Fyrir innan þessi gil er stallur í hlíðinni, í um 70 til 80 m hæð og nefnist hann Þófi. Upp af honum ganga fimm gil og nefnast þau tvö stærstu Þófagil og Hæðarlækur. Þar fyrir innan eru Neðri Botnar. Það er stallur í fjallinu sem er í um 100-130 m hæð og er hann um 400-500 breiður, þar sem breiðast er. Nyrst á stallinum eru nokkur gil og nefnast þrjú þeirra stærstu Hörmungarlækur, Skuldarlækur og Stöðvarlækur. Búðará liggur sunnan við miðjan stallinn en syðst á honum er Dagmálalækur. Efst í fjallinu ofan við eru Efri Botnar. Efri Botnar eru tvær skálar sem eru aðskildar af Miðtindi. Botn skálanna liggur í um 500 til 600 m hæð. Innri-Strandartindur liggur sunnan við skálarnar.

Norðvestan við kaupstaðinn rís fjallið Bjólfur upp í og yfir 1000 m hæð. Að austanverðu nefnist fjallið Öxl og skilur hún að Vestdal og Seyðisfjörð. Öxl liggur í um 100 m hæð austast en hækkar ört til vesturs og síðan til suðvesturs og nefnist þar Röð. Beint niður af Röð, ofan við Nautabás, verður fjallið mun brattara og þar eru nokkur áberandi gil er nefnast einu nafni Djúpugil. Svæðið sunnan við þau nefnist Fornistekkur. Þar fyrir sunnan nefnist neðri hluti fjallsins Flatafjall, en þar ofan við er Langaklettabelti og efst, í um 600 til 700 m hæð, Raðarflug. Efri- og Neðri-Kálfabotnar liggja beint niður af hátindi Bjólfsins. Þar nokkru norðar er Krókarhryggur og Uppgöngur, en beint niður af Kálfabotnum eru Hlaupgjá, Presthamrar og Neðstuklettur. Nokkru sunnar liggja tvö djúp gil Jókugil og Fálkagil. Enn sunnar myndar fjallið lægri stall sem nefnist Haugar. Hann breikkar til mikilla muna til suðurs og nefnist þar Haugamýrar. Hamrabeltið neðan stallsins nefnist Bæjarbrún.



Mynd 2. Helstu örnefi í Strandartindi, sem greint er frá í lýsingum í lesmáli (Ljósmynd Þorsteinn Sæmundsson 1997).



Mynd 3. Helstu örnefi í Bjölfinum, sem greint er frá í lýsingum í lesmáli (Ljósmynd Þorsteinn Sæmundsson 1997).

Skriðusaga

Hér á eftir fer upptalning á þeim skriðum sem heimildir eru til um. Hverjum farvegi hefur verið gefið númer (Þorsteinn Sæmundsson & Halldór Pétursson 1998) og sést staðsetning flestra þeirra á myndum 4, fyrir Bjólfinn og 5 fyrir Strandartind.

Mynd 4

Dagsetning: 1882 - 20. október.

Staðsetning: Bjólfur.

Farvegur: Líklega hefur hlaupið úr farvegi 6, ytra gilinu, Uppgöngum.

Tegund skriðu: Aurskriða?

Veður: Í síðari hluta október og fyrri hluta nóvember voru ákafar rigningar og krapahríð í byggð á Austurlandi, en snjór til fjalla. Þann 20. október. var svo mikil rigning að fáir mundu meiri.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Lítið tjón.

Lýsing: Hljóp þá skriða á Liverpool í Seyðisfirði. Klofnaði hún um húsið, en gerði ekki mikið tjón. Þessi skriða hefur fallið úr Bjólfinum. Liverpool stóð norðan fjarðarins, skammt innan við Bræðraborg.

Heimild: Ólafur Jónsson 1957

Mynd 5

Dagsetning: 1892 - 3. júlí

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Skuldarlækur (farvegur 13).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: ?

Orsök skriðu: ?

Tjón og mannskaðar: Mikið tjón á húsi Pöntunarfélags Héraðsbúa.

Lýsing: Aðfaranótt 3. júlí hljóp skriða úr Strandartindi á vörugymsluhús Pöntunarfélags Héraðsbúa á Búðareyri á Seyðisfirði. Fór hún þvert í gegnum húsið, tók úr því 6 álna stykki og rótaði vörum, sem þar voru fyrir, niður í flæðarmál, en skildi eftir aur og grjót í húsinu. Voru það mest mjölpokar, sem fyrir hlaupinu urðu, og voru þeir grafnir upp úr skriðunni, en talsvert skemmdir. Skriðan bar fram stórbjörg og varð eitt eftir á miðju gólfi hússins. Skaðinn var metinn kr. 3000.00.

Heimild: Ólafur Jónsson 1957.

Mynd 6

Dagsetning: 1897 - 15. ágúst

Staðsetning: Bjólfur.

Farvegur: Hér hefur líklega fallið úr farvegi 8, virkasta farveginum í Bjólfinum.

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Um miðjan ágúst gerði ofsarigningar á Austurlandi, einkum þann 14. Urðu þá miklir vatnavextir og skriðuhlaup á Austfjörðum.


Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Ekkert tjón hlaust af þessari skriðu svo getið sé.


Lýsing: Skriðan féll milli túna á Bræðraborg.

Athugasemdir: Þessi skriða féll á sama tíma og margar skriður féllu í Seyðisfirði.


Heimild: Ólafur Jónsson 1957.




Mynd 4. Aurskriða úr Bjólfinum 20. október 1882. Líklega hefur fallið úr farvegi sem nefndur Uppgöngur. Skriðan féll á húsið Liverpool en olli ekki tjóni.



Mynd 5. Aurskriða úr Strandartindi 3. júlí 1892. Skriðan féll á hús Pöntunarfélags Héraðsbúa og olli miklu tjóni.



Mynd 6. Aurskriða úr Bjólfinum 15. ágúst 1897. Líklega hefur fallið úr farvegi númer 8. Skriðan féll milli túna á Bræðraborg.



Mynd 7. Aurskriður úr Strandartindi 15. ágúst 1897. Skriðan féll meðal annars á Steinholt og verslunarhús Pöntunarfélagsins og olli talsverðu tjóni.

Mynd 7

Dagsetning: 1897 - 15. ágúst

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Líklegast er að Skuldarlækur (farvegur 13) hafi alið af sér skriðuna sem féll niður á Búðareyrina og að hin skriðan hafi fallið úr giljunum fyrir utan Þófa, eða hugsanlega úr Þófalæk (farvegur 8 og 9).

Tegund skriðu: Aurskriður.

Veður: Um miðjan ágúst gerði ofsarigningar á Austurlandi einkum þann 14. Urðu þá miklir vatnavextir og skriðuhlaup á Austfjörðum.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Mikið tjón, - sjá lýsingu.

Lýsing: Aðfaranótt þann 15. ágúst hlupu skriður úr Strandartindi, að minnsta kosti tvær stórar og eitthvað af smærri skriðum. Stærsta skriðan féll niður á ströndina, utan við byggð á Búðareyrinni. Gerði hún ekki annað tjón en að spilla vegi.

Annað stórhlaup úr Strandartindi kom niður á Búðareyrina, ystu húsaþyrpinguna sunnan fjarðarins. Þar voru verslunarhús Pöntunarfélagsins, upp af þeim veitingahúsið Steinholt, en dálítið austar tvö pakkhús (Mandalshús), eign Otto Wathne og bryggja ásamt athafnasvæði. Hlaupið kom kl. 5 að morgni þess 15. ágúst. Miklar drunur fylgdu skriðunni og nötraði jörð undan henni. Snorri Wium, þá forstöðumaður Pöntunarfélagsins, varð sjónarvottur af skriðunni. Skriðan þeyttist fram af hærri klettastallinum og hendist ofan á þann neðri. Þá var sem flóðið stöðvaðist augnablik í gilinu, en áður en við varð litið, braust það fram af klettabrúninni neðstu, sprengdi með sér stórt stykki úr sjálfri klettabrúninni og byltist niður á eyrina. Það stefndi þá á gestgjafahúsið Steinholt og hús Pöntunarfélagsins og allt það svæði. En á hjallanum undir brekkunni hægðist ferðin dálítið, hlaupið klofnaði, og fór annar armurinn austur um Steinholt og nokkuð á húsið sjálft, braut inn steinvegg í útihúsi, sem stendur fyrir ofan íbúðarhúsið, en skekkti íbúðarhúsið, stórskemmdi það og hnikaði því nokkuð á undirstöðunni. Hinn armurinn stefndi á þúst sem Snorri stóð á en klofnaði rétt fyrir ofan hana, svo miðhluti grjótdyngjunnar stóð þar eins og fallinn veggur fáa faðma frá honum, en grjótið og aurforarstraumarnir ultu fram til beggja handa, annar á Pöntunarhúsin, en lenti þar fyrst á hárrí, múraðri, nýrri húsundirstöðu og fyllti þar kjallarann og hlífði það mikið verslunarhúsunum, svo þau sakaði ekki. Nokkrar skemmdir urðu á varningi. Hin greinin hljóp fram á bryggjuverkin hjá Wathne og hlóð þar dyngjum af aur, for og stórgrýti. Skemmdir urðu þar ekki stórkostlegar, því hlaupið þræddi rétt hjá ystu fiskistökkunum, og voru aðeins fáar álnir á milli. Mest varð tjónið af þessu skriðufalli hjá Stefáni veitingamanni í Steinholti. Í húsi því, er skriðan braut, drap hún 20 hænsni, en kýr, sem þar var, náðist ómeidd. Mjög mikið grjót kom niður á bryggjurnar og stakkastæðin. Þórólfur segir að stór klettur í fjallinu hafi sprungið fram og steypst niður með skriðunni, og að heljarstór björg liggi víðsvegar, þar sem skriðan fór yfir.

Í Austra eru nokkrar bollaleggingar um feril og áhrif skriðuhlaupsins á Búðareyrinni. Sagt er, að skriðan hafi tekið sig upp í Strandartindi, en náð sér brátt í læk, er fellur niður fyrir utan Steinholt og Pöntunarfélagið. Talið er að skriðuhlaup þetta hafi aukið skriðuhættu þarna, losað jarðveginn, svo að hann gleypri í sig meira vatn, jafnað leiðina og brotið klettanasir í lækjarfarveginum. Það sem að þessu sinni hlífði Pöntunarfélagshúsunum, var úthýsið í Steinholti, eða torf og grjótveggur sá er var undir efri hlið þess, en um hann og sjálft veitingahúsið klofnaði skriðufallið. Einnig dró húsgrunnurinn milli Steinhólts og Pöntunarfélagsins mikið úr því. Þá var líka klettarni í læknum ofan Steinhólts og

varð skriðan að fara yfir hann. Úr þessu klettanefi braut skriðan stór björg og skoppaði þeim á undan sér, eins og korktöppum en fyllti jafnframt upp í dældir ofan við klettaranann. Sá hluti skriðunnar, einn er fór vestan við Mandalshúsin, mundi hafa nægt til að granda Pöntunarfélagshúsunum, hefði hann komið þar niður.

Athugasemdir: Hér þarf að hafa í huga að þennan dag féllu margar skriður í Seyðisfirði, bæði úr Strandartindi og Bjólfinum, en staðsetning flestra þeirra er með öllu ókunn.

Heimild: Ólafur Jónsson 1957.

Mynd 8

Dagsetning: 1903 - 14. janúar

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Líklega Hörmungarlækur (farvegur 11).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Rigningar.

Orsök skriðu: Rigningar.

Tjón og mannskaðar: Tveir bátar eyðilögðust.

Lýsing: Aurskriða hljóp 14. janúar. í rigningum, er þá gengu, úr Strandartindi niður á Búðareyrina á Seyðisfirði, utan við veitingahúsið Steinholt og tók tvo báta sem Stefán í Steinholti átti. Þessi skriða hefur fallið rétt utan við skriðuna miklu er féll 1897.

Athugasemdir: Eftir lýsingu að dæma, þá hefur líklega að þessu sinni fallið úr Hörmungarlæk, frekar en úr Skuldarlæk.

Heimild: Ólafur Jónsson 1957.

Mynd 8

Dagsetning: 1905 - ágúst

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Skriðan hefur að öllum líkindum fallið úr Imslandsgili (farvegur 6).

Tegund skriðu: Aurskriða

Veður: Ofsaveður og rigningu gerði á Seyðisfirði 5.-6. ágúst.

Orsök skriðu: Rigningar.

Tjón og mannskaðar: Bræðsluhús Imslands eyðilagðist.

Lýsing: Hlupu skriður á stöku stað út með firðinum og gerðu skaða á túnblettum.

Stærsta skriðan hljóp á bræðsluhús Imslands kaupmanns og eyðilagði þau að mestu. Tjónið er talið um 2000 krónur. Húsin stóðu á Ströndinni, skammt utan við Búðareyrina og skriðan hefur komið úr Strandartindi eigi langt frá skriðuhlaupunum 1897 og 1903.

Athugasemdir: Af lýsingum að dæma þá er átt við Imslandsgil og er gengið út frá því að bræðsluhús Imslands hafi staðið þar sem svonefnt Imslandshús stóð. Líklegt er að skriður hafi fallið víðar á svæðinu

Heimild: Ólafur Jónsson 1957.

Ekki á mynd

Dagsetning: 1925 - vetur

Staðsetning: Botnabrún - Neðri Botnar

Farvegur: ?

Tegund skriðu: Jarðfall

Veður: ?

Orsök skriðu: ?

Tjón og mannskaðar: Ekkert

Lýsing: Í Hæni 31.01.1925 segir svo: Nýlega varð vart við jarðsprungur allmiklar efst í Botnabrúninni upp af Búðareyrinni. Gerðu þær mönnum nokkurn geig og fóru margir þangað um síðustu helgi. Ýmsir hugðu í fyrstu, að sprungurnar stöfuðu af því að jarðvegurinn upp á klettbrúninni hefði sigið fram. Og hefði svo verið, var engin furða þótt mönnum skyti skelk í bringu, þar sem mikil leysing gat orsakað það, að þessi spilda neðan sprungnanna sigi fram af klettabeltunum, þá væri fjöldi húsa á Búðareyrinni í hættu staddur. En við nánari athugun hafa menn séð að þarna er um jarðfall að ræða, samskonar og hin mörgu og aldargömlu, sem eru víðsvegar í fjallinu. Og til tveggja hliða út frá jarðfallinn hafa, að líkindum við hristinginn sem af því stafaði, opnast smærri sprungur. En melurinn niður undan hefir ekki sjáanlega hreyfst vitund. Virðist því engin ástæða til þess, að hafa ugg um alvarlega hættu, sem af þessu stafi sérstaklega. Melurinn getur staðið að mestu óhaggaður í heila öld fyrir þessu, að öðru leyti en því að búast má við að innanvert úr honum losni dálítið ofan í gilið, eins og margoft hefir skeð áður. Þetta er líklegast.

Athugasemdir: Svo virðist sem lítil skriða (jarðfall) hafi fallið úr brún Neðri Botna skömmu áður en fréttin í Hæni er skrifuð.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1996.

Mynd 9

Dagsetning: 1935 - 15. september.

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Líklega hefur fallið úr Þófalæk (farvegur 8 og 9) eða farvegi 7.

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Þann 13.-20 var NA-átt. Djúp lægð fyrir suðaustan Ísland á hreyfingu norðaustur eftir. Gerði NA-hvassviðri um allt land og fylgdi því stórfelld rigning á Austurlandi og víða á Norðurlandi (sólarringursúrkoma að morgni þann 15. - 109.7 mm á Seyðisfirði).

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Sjá lýsingu.

Lýsing: Skriðuföllin hófust á Austfjörðum, á Seyðisfirði seint þann 14. með því skriður tóku að falla úr Strandatindi. Héldu skriðuföllin þar áfram aðfaranótt þess 15. Sunnudaginn 15. eru einnig teknar að falla skriður í Norðfirði og á Eskifirði og þar féllu einnig miklar skriður þann 16.

Aurskriða féll í nótt (15.09.) á fiskverkunarstöð Þóris Jónssonar, útgerðarmanns á Fjarðarströnd. Færði hún í kaf fiskreiti og fiskstakka, braut efri hlið úr fiskskúr og flóði inn um dyr á fiskkjallara þar sem geymdur var allmikill óverkaður fiskur.

...Smærri aurskriður féllu og víðar, en ollu ekki verulegum skemmdum. Þá urðu og af hlaupum þessum miklar skemmdir á vegum.

Athugasemdir: Hér er gengið út frá því að fiskverkunarstöðin hafi staðið við Strandarveg 26-28. Staðsetning húsa er ekki ljós. Þá má gera ráð fyrir að skriður hafi hlaupið á Fjarðarströndinni, utan við bæinn.

Heimildir: Ólafur Jónsson 1957; Halldór G. Pétursson 1996.


Mynd 9

Dagsetning: 1935 - 14. september.


Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Hörmungarlækur (farvegur 11).

Tegund skriðu: Aurskriða.



Mynd 8. Aurskriður úr Strandartindi, úr Hæðarlæk 14. janúar 1903 og Imslandsgili í ágúst 1905. Skriðan 1905 olli taksverðu tjóni á Bræðsluhúsi Imslands.



Mynd 9. Aurskriður úr Strandartindi 14. september 1935. Skriður féllu úr Þófalæk, Hörnungarlæk og Skuldarlæk. Mikið tjón hlaut af þessum skriðuföllum.

Veður: Þann 13.-20. var NA-átt. Djúp lægð fyrir suðaustan Ísland á hreyfingu norðaustur eftir. Gerði NA-hvassviðri um allt land og fylgdi því stórfelld rigning á Austurlandi og víða á Norðurlandi (sólarhringsúrcoma að morgni þann 15. 09 var 109.7 mm á Seyðisfirði).

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Íbúðarhús Einars Einarssonar útgerðarmanns skemmdist allmikið og olíuport Olíuverslunar Íslands gerónýttist.

Lýsing: Skriðuföllin hófust á Austfjörðum, á Seyðisfirði seint þann 14. með því skriður tóku að falla úr Strandatindi. Héldu skriðuföllin þar áfram aðfaranótt þess 15. Sunnudaginn 15. eru einnig teknar að falla skriður í Norðfirði og á Eskifirði og þar féllu einnig miklar skriður þann 16.

Í gærkveldi (14.09.) seint, hljóp skriða á íbúðarhús og geymsluhús Einars Einarssonar, útgerðarmanns og olíuport Olíuverslunar Íslands. Neðri hæð íbúðarhússins skemmdist allmikið og geymsluhúsið fylltist af auri og grjóti. Í geymsluhúsinu var ein kýr og varð henni með naumindum bjargað, en nokkur hænsni fórust. Skriðan hljóp fyrir dyr hússins, svo íbúarnir urðu að bjargast út um glugga.

...Olíuport Olíuverslunar Íslands gerónýttist og eitthvað af olíu fór í sjóinn.

...Smærri aurskriður féllu og víðar, en ollu ekki verulegum skemmdum. Þá urðu og af hlaupum þessum miklar skemmdir á vegum.

Athugasemdir: Gert er ráð fyrir að íbúðarhúsið hafi verið Hörmung.

Heimild: Ólafur Jónsson 1957; Halldór G. Pétursson 1996

Mynd 9

Dagsetning: 1935 - 14. september.

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Líklega hefur fallið úr Skuldarlæk (farvegur 13).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Þann 13.-20 var NA-átt. Djúp lægð fyrir suðaustan Ísland á hreyfingu norðaustur eftir. Gerði NA-hvassviðri um allt land og fylgdi því stórfelld rigning á Austurlandi og víða á Norðurlandi (sólarhringsúrcoma að morgni þann 15. - 109.7 mm á Seyðisfirði).

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Skriðan féll á Pöntun, en ekki urðu miklar skemmdir.

Lýsing: Skriðuföllin hófust á Austfjörðum, á Seyðisfirði seint þann 14. með því skriður tóku að falla úr Strandatindi. Héldu skriðuföllin þar áfram aðfaranótt þess 15. Sunnudaginn 15. eru einnig teknar að falla skriður í Norðfirði og á Eskifirði og þar féllu einnig miklar skriður þann 16.

Aurskriða féll að geymsluhúsi Fisksölufélagsins, svonefndri Pöntun, en virðist ekki hafa valdið þar skemmdum.

...Smærri aurskriður féllu og víðar, en ollu ekki verulegum skemmdum. Þá urðu og af hlaupum þessum miklar skemmdir á vegum.

Heimild: Ólafur Jónsson 1957; Halldór G. Pétursson 1996.

Mynd 10


Dagsetning: 1944 - 17. júní

Staðsetning: Bjólfur.


Farvegur: Sennilega farvegur 8, ofan við Bræðraborg.

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Miklir hitar.



Mynd 10. Aurskriður úr Bjólfinum 17. júní 1944 og 19. ágúst 1950. Fjöldi annarra skriða féll í Bjólfinum 19. ágúst 1950 en staðsetning þeirra er ekki þekkt örugglega.



Mynd 11. Aurskriður úr Strandartindi 19. ágúst 1950. Fimm manns biðu bana þegar skriða féll úr Þófalæk á húsið Strönd og miklar skemmdir urðu á örðum stöðum.

Orsök skriðu: Leysingar.

Tjón og mannskaðar: Ekkert.

Lýsing: ... Hann fór að rifja upp sams konar atburð er átti sé stað á Seyðisfirði daginn sem lýðveldið var stofnað eða 17. júní 1944. ...Það var mjög svipað veður þá og nú er búið að vera í dag. Mikill hiti og logn fyrri hluta dagsins, en hvessti nokkuð í eftirmiðdaginn. Menn voru að halda upp á stofnun lýðveldisins, ...Allt í einu kom sterk vindhviða svo að borðinn slitnaði upp og fauk. Í sama mund tóku menn eftir því að aurskriða var að renna niður hlíðar Bjólfsins, nokkru norðar en þessi skriða sem nú var að falla (í Jókugili).

Athugasemdir: Talið er að skriða hafi fallið sama dag utan við Bræðraborg. Ekki telja heimildamenn að skriða hafi fallið úr Jókugili þennan tiltekna dag en muna vel eftir þeirri sem féll utan við Bræðraborg.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1996:

Mynd 11

Dagsetning: 1950 - 19. ágúst.

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Þófalækur (farvegur 8 og 9).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Mikil úrkoma var austanlands þetta sumar og jarðvegur orðin mjög mettaður af vatni. Á Seyðisfirði byrjaði að rigna upp úr miðnætti aðfaranótt laugardagsins (19.08.) og þegar leið á nóttina gerði stórrigningu og hélst hún fram undir hádegi. Auk þess var mjög hvasst. ..Veðurathugunarmaðurinn hér í bænum mældi 78 mm úrkomu kl. 9 um morguninn. En fjöldi manna ber því vitni, að eigi hafi verið mælanleg úrkoma fyrir klukkan 4 um nóttina og hafði því ekki rignt neitt nema í 4-5 klst. Hefur þetta því verið skýfall af verstu tegund.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Mikið tjón, fimm manns biðu bana - sjá lýsingu.

Lýsing: ...Að morgni 19. ágúst síðast liðin gerði aftakarigningu með stórkostlegum vatnavöxtum á Seyðisfirði og víðar. Tóku lækir að bera fram aur og stórgrýti kl. 07-08 um morguninn. Tjón af skriðuföllum þessum varð mest á Fjarðarströnd. En nokkuð tjón varð samt einnig annars staðar. Um morguninn féll hver skriðan á fætur annarri beggja megin fjarðarins, bæði úr Bjólfi og Strandartindi. Urðu skriðurnar norðan megin fjarðarins miklu fleiri, en hinar sem að sunnan féllu, en skriðuhlaupin úr Strandatindi urðu þeim mun örlagaríkari og orsökðu mest tjón.

Strandartindur: Einkum hafa skriðuhlaupin orðið á Fjarðarströndinni og þar sunnan og utanvert í bænum, og flúði fólk þaðan er það sá hvað verða vildi.

Margar fleiri skriður hlupu utar á Ströndinni og voru taldar 17 út að Sörlastöðum.

...og féll skriðan á áttunda tímanum, lenti á ysta húsinu í kaupstaðnum, færði það í kaf og braut.

...hljóp skriða á húsið Strandarveg 26 og molaði það algerlega niður. Húsið var tveggja hæða steinhús en ójárnbent.

...Sorglegt slys varð, er skriða hljóp á hús Aðalbjörns Jónssonar og jafnaði það við jörðu með þeim afleiðingum, að kona hans, Ingibjörg Magnúsdóttir, fórst ásamt fjórum börnum þeirra. Sjálfur var Aðalbjörn að sækja faratæki til að flytja fjölskyldu sína af hættusvæðinu, þegar slysið vildi til, og dóttir hans komst einnig af, nokkuð meidd, úr rústunum.

...Feðgarnir á efri hæðinni, ..munu aldrei hafa grafist í skriðunni, heldur lent ofan á henni og ef til vill bjargast undir þakinu, því að þegar Gunnar rankaði við sér eftir áfallið, lá hann við brún þakskeggsins. ...var Ingibjörg, ásamt börnum

sínum, stödd í gangi í miðju húsinu. Þau voru í þann veginn að fara út, og var Ingibjörg búin að opna útidyrhurðina, en í því dundi skriðan fram af hömrinum, og lokaði hún þá aftur dyrunum, en Guðrún opnaði í fátinu hurð inn í herbergi innar á ganginum, og lenti hún þangað inn þegar húsið hrundi. Lá hún þar skorðuð í svarta myrkri og gat sig ekki hrært, en átti örðugt með andardrátt. Tók hún þegar að hrópa á hjálp. Létti henni mikið, er hún heyrði, að farið var að grafa í skriðuna, en hélt þó áfram að kalla, þar til hún náðist eftir þrjár klukkustundir. Hún var mikið marin og lítils háttar brákuð, en ómeidd að öðru leyti.

...Upptök skriðunnar voru í nær miðju fjalli, en hún náði yfir tiltölulega lítið svæði. Hún var aftur á móti þykk og þunginn í fallinu mikill.

...Vatnsgurinn, sem fylgdi í kjölfar skriðunnar, var mjög mikill. Skriðan braust fram efst í gegnum grjótkambinn, sem var fyrir ofan húsið og beint á það og úthýsi, sem var rétt hjá því. Þá fyrst, er hún hafði brotið það niður skipti hún sér. Það virðist þegar aðstæður eru athugaðar, einkennileg tilviljun, að skriðan skyldi, einmitt falla á íbúðarhúsið, en ekki fylgja alveg lækjarfarveginum. Þá hefði hún ekki orðið að verulegu tjóni, þar sem breidd hennar er ekki mikil.

Athugasemdir: Margar fleiri skriður hlupu utar á Ströndinni og voru taldar 17 út að Sörlastöðum.

Heimild: Ólafur Jónsson 1957; Halldór G. Pétursson 1996.

Mynd 11

Dagsetning: 1950 - 19. ágúst.

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Líklega Hæðarlækur (farvegur 10).

Tegund skriðu: Aurskriða

Veður: Mikil úrkoma var austanlands þetta sumar og jarðvegur orðin mjög mettaður af vatni. Á Seyðisfirði byrjaði að rigna upp úr miðnætti aðfaranótt laugardagsins (19.08.) og þegar leið á nóttina gerði stórrigningu og hélst hún fram undir hádegi. Auk þess var mjög hvasst. Veðurathugunarmaðurinn hér í bænum mældi 78 mm úrkomu kl. 9 um morguninn. En fjöldi manna ber því vitni, að eigi hafi verið mælanleg úrkoma fyrir klukkan 4 um nóttina og hafði því ekki rignt neitt nema í 4-5 klst. Hefur þetta því verið skýfall af verstu tegund.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Mikið tjón, - sjá lýsingu.

Lýsing: ...Að morgni 19. ágúst síðast liðin gerði aftakarigningu með stórkostlegum vatnavöxtum á Seyðisfirði og víðar. Tóku lækir að bera fram aur og stórgrýti kl. 07-08 um morguninn. Tjón af skriðuföllum þessum varð mest á Fjarðarströnd. En nokkuð tjón varð samt einnig annars staðar. Um morguninn féll hver skriðan á fætur annarri beggja megin fjarðarins, bæði úr Bjólfi og Strandartindi. Urðu skriðurnar norðan megin fjarðarins miklu fleiri, en hinar sem að sunnan féllu, en skriðuhlaupin úr Strandatindi urðu þeim mun örlagaríkari og orsökuðu mest tjón.

Strandartindur: Einkum hafa skriðuhlaupin orðið á Fjarðarströndinni og þar sunnan og utanvert í bænum, og flúði fólk þaðan er það sá hvað verða vildi.

...Margar fleiri skriður hlupu utar á Ströndinni og voru taldar 17 út að Sörlastöðum.

...Á síldarbræðsluna, sem er nokkuð innar en aðal slysastaðurinn, um 600 m, féll skriða, og fylltust þærnar af aur. Liggur stórgrýtið á víð og dreif í kringum síldarbræðsluna.

...Í húsi áföstu við síldarbræðsluna ..það lenti í hlaupinu og laskaðist og bjargaðist Þórir nauðlega, og elsta dóttir hans á nærklæðum einum.

...Rétt ofan við síldarbræðsluna lenti hlaupið á húsi.

...og bjargaðist það (íbúarnir) nauðlega. Skúrar, sem þar voru brotnuðu og íbúðarhúsið mun eitthvað hafa laskast.

...að hús Sveinbjarnar hefði orðið miklu verr úti, ef staurar háspennulínu, sem er í hlíðinni ofan við það, hefðu ekki hlíft því, því að um þá klofnaði skriðan nokkuð. Gífurlegt tjón varð við síldarverksmiðjuna og er þar vafalaust um langmesta tjónið sem orðið hefur á mannvirkjum,

..Hófust spjöllin á því að vatnsflóð hljóp á verksmiðjulóðina og fyllti síldarþærnar, en litlu síðar kom aurskriða ofan úr fjallinu. Féll skriðan fyrst á saltgeymslu, sem stóð ofanvert við þærnar og eyðilagði hana, en hélt síðan áfram niður í þærnar og fyllti þær af mól og stórgrýti. Mun þó vera álíka magn af grjóti ofan á þeim, sem í þeim sjálfum.

Athugasemdir: Skriðan féll á Innri-Hæð og Garðhús, Strandarveg 2.

Heimild: Ólafur Jónsson 1957; Halldór G. Pétursson 1996.

Mynd 10

Dagsetning: 1950 - 19. ágúst.

Staðsetning: Bjólfur.

Farvegur: Sennilega flestir, ef ekki allir farvegir í Bjólfi - farvegur 8 veldur tjóni.

Tegund skriðu: Aurskriður

Veður: Mikil úrkoma var austanlands þetta sumar og jarðvegur orðin mjög mettaður af vatni. Á Seyðisfirði byrjaði að rigna upp úr miðnætti aðfaranótt laugardagsins (19.08.) og þegar leið á nóttina gerði stórrigningu og hélst hún fram undir hádegi. Auk þess var mjög hvasst. Veðurathugunarmaðurinn hér í bænum mældi 78 mm úrkomu kl. 9 um morguninn. En fjöldi manna ber því vitni, að eigi hafi verið mælanleg úrkoma fyrir klukkan 4 um nóttina og hafði því ekki rignt neitt nema í 4-5 klst. Hefur þetta því verið skýfall af verstu tegund.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Mikið tjón, fimm manns biðu bana - sjá lýsingu.

Lýsing: ...Að morgni 19. ágúst síðast liðin gerði aftakarigningu með stórkostlegum vatnavöxtum á Seyðisfirði og víðar. Tóku lækir að bera fram aur og stórgrýti kl. 07-08 um morguninn. Tjón af skriðuföllum þessum varð mest á Fjarðarströnd. En nokkuð tjón varð samt einnig annars staðar.

...Um morguninn féll hver skriðan á fætur annarri beggja megin fjarðarins, bæði úr Bjólfi og Strandartindi. Urðu skriðurnar norðan megin fjarðarins miklu fleiri, en hinar sem að sunnan féllu, en skriðuhlaupin úr Strandartindi urðu þeim mun örlagaríkari og orsökuðu mest tjón.

Bjólfur: Norðan megin fjarðarins féllu nær óteljandi smáskriður úr Bjólfinum.

Margar aurskriður féllu yfir veginn út á Vestdalseyrina, en annars ollu þær ekki tjóni að ráði, nema ein. Sú skriða féll yfir stakkstæði og fiskhús og eyðilagði það (staðsetning óþekkt). ...Margar skriður féllu og úr Bjólfi norðan fjarðarins, en ekki urðu þær að eins miklum skaða.

...Einnig féll aurskriða á tvö ystu hús kaupstaðarins að norðan, sem eru næst byggðinni á Vestdalseyri. Gekk aurinn inn í þau.

...Á Bræðraborg, skammt utan við kaupstaðinn, féll skriða, sem mun hafa valdið skemmdum á húsum, svo að fólk flýði þaðan. Skriðan laskaði Hjarðarholt, sem er fáum metrum vestan við Bræðraborg. Þessi tvö hús eru oft nefnd saman Bræðraborg. Skriðan féll úr farvegi nr. 8 (upplýsingar frá Kristínu Halldórsdóttur 1997). Inn af fjarðarbotninum féllu einnig margar skriður, þar á meðal féll ein niður yfir túnið á Firði og orsakaði miklar skemmdir.

Athugasemdir: Svo virðist að fallið hafi úr öllum farvegum í Bjólfinum. Skriðan sem olli skemmdum á Bræðraborg féll úr farvegi nr. 8. Óvíst er hvaðan skriðan féll sem skemmdi fiskhúsið.

Heimild: Ólafur Jónsson 1957; Halldór G. Pétursson 1996.

Ekki á mynd

Dagsetning: 1958 - 30. september.

Staðsetning: Strandatindur.

Farvegur: Margir farvegir á Fjarðarströnd.

Tegund skriðu: Aurskriður.

Veður: Þann 26. tók aftur að rigna sunnan lands og vestan af völdum lægðar djúpt suðvestur í hafi. Lægðin olli stórrigningu á Suður- og Austurlandi næstu daga, mest var úrkoman á Austurlandi tvo síðustu daga mánaðarins.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Sjá lýsingu.

Lýsing: Seinni hluta dags þann 29. september 1958, kvöldið og aðfaranótt 30. rigndi óhemjumikið og fram eftir degi þann 30. september. Mældist úrkoman kl. 8 að morgni þann 30. september 97,8 mm og að morgni þess 1. október 64,1 mm. Hljóp óhemjuvöxtur í alla læki beggja vegna fjarðarins, en þar sem norðaustan átt var, 4-5 vindstig, mæddi mest á syðri hlíðum fjarðarins. Um kl. 3 aðfaranótt þann 30. byrja skriðurnar að falla úti á Strönd. Féll þá strax stór skriða um 100 m breið og stórgrýtt, við svonefndan Borgartanga. Um kl. 5 að morgni féll skriða við húsið Hörnung innan við Síldarbræðsluna og Shell tanka, hálfgröf þá í aur og grjóti. Rúmlega 10 að morgni fellur skriða á húsið Skuld tvílyft steinhús og fer í gegnum það og stóreyðileggur það ef ekki gereyðileggur. Fjánhús og hlaða færast til, geymsluhús í eigu H. Johannsens kaupmanns mölbrotnar, hlaða og fjós splundrast. Það sem eftir var af Hörnung gjöreyðilagðist. Kjallari í íbúðarhúsi H. Johannsens fylltist af aur, auk mikilla annarra skemmda. Tvær skriður falla á síldarbræðsluna, fylla þrær og gera fleiri spjöll. Alls féllu 5 skriður innan takmarka bæjarins, en 16 skriður aðrar í nágrenni að utan og sunnanverðu. Tvær skriður féllu í norðanverðum firðinum (Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958).


Strax í gærmorgun tók fólk sem býr í útjaðri bæjarins, þar sem kallað er Strönd, að ugga um hag sinn, því þá munu smáskriður verið teknar að falla. ...Alls féllu 5 skriður innan takmarka kaupsins og 16 skriður í nágrenni þess. ...Mesta skriðan mun vera um 4-5 m á þykkt. ...Eftir hádegis fór að draga úr hlaupunum og rigndi ekki síðdegis í gær. ...Fólk úr 20-30 húsum flutti á brott, þar sem hættan var mest á skriðuföllum. ...en fólk varð að yfirgefa um 5-10 hús í gærmorgun.

Um kl. 3 aðfaranótt þann 30. byrja skriðurnar að falla úti á Strönd. Féll þá strax stór skriða um 100 m breið og stórgrýtt, við svonefndan Borgartanga.


...Margar skriður féllu úti á ströndinni og tepptu veginn þar, víða á leiðinni út á Hánefsstaðaeysi. ...Hins vegar urðu geysimiklar skemmdir á Strandavegi, en hann liggur út byggðina sunnan fjarðarins. Á mörgum stöðum er mikil aurkyngi og er algerlega ófært út á Hánefsstaðaeysrar. ...Á 700-800 m kafla er vegurinn út úr kaupstaðnum eitt hlaup og allt gjörófært.

Athugasemdir: Fimm skriður féllu í þessari hrinu innan bæjarmarkana en 16 skriður í nágrenninu. Staðsetning þeirra skriðna er ekki þekkt, nema 100 m breiðrar skriðu við Borgartanga. Sennilega hefur hlaupið úr öllum farvegum.

Heimildir: Halldór G. Pétursson 1992, Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958.



Mynd 12. Aurskriður úr Strandartindi 30. september 1958. Aurskriður féllu úr mörgum farvegum en mestu tjóni ollu þær í þeim fjórum sem eru upptaldir hér.



Mynd 13. Aurskriður úr Strandartindi, þann 30. júlí 1960 féll aurskriða úr Þófalæk og aftur þann 25. ágúst 1974. Þann dag flæddi Búðará yfir bakka sína.

Mynd 12

Dagsetning: 1958 - 30. september.

Staðsetning: Strandatindur.

Farvegur: Hæðarlækur (farvegur 10).

Tegund skriðu: Aurskriður.

Veður: Þann 26. tók aftur að rigna sunnan lands og vestan af völdum lægðar djúpt suðvestur í hafi. Lægðin olli stórrigningu á Suður- og Austurlandi næstu daga, mest var úrkoman á Austurlandi tvo síðustu daga mánaðarins.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Sjá lýsingu.

Lýsing: Seinni hluta dags þess 29. september 1958, kvöldið og aðfaranótt 30. rigndi óhemjumikið og fram eftir degi þann 30. september. Mældist úrkoman kl. 8 að morgni þann 30. september. 97,8 mm og að morgni þann 1. október. 64,1 mm. Hljóp óhemjuvöxtur í alla læki beggja vegna fjarðarins, en þar sem norðaustan átt var, 4-5 vindstig, mæddi mest á syðri hlíðum fjarðarins. Um kl. 3 aðfaranótt þann 30. byrja skriðurnar að falla úti á Strönd. Féll þá strax stór skriða um 100 m breið og stórgrýtt, við svonefndan Borgartanga. Um kl. 5 að morgni féll skriða við við húsið Hörmung innan við Síldarbræðsluna og Shell tanka, hálfgröf þá í aur og grjóti. Rúmlega 10 að morgni fellur skriða á húsið Skuld tvílyft steinhús og fer í gegnum það og stóreyðileggur það ef ekki geryðileggur. Fjánhús og hlaða færast til, geymslúhús í eigu H. Johannsens kaupmanns mölbrotnar, hlaða og fjós splundrast. Það sem eftir var af Hörmung gjöreyðilagðist. Kjallari í íbúðarhúsi H. Johannsens fylltist af aur, auk mikilla annarra skemmda. Tvær skriður falla á síldarbræðsluna, fylla þrær og gera fleiri spjöll. Alls féllu 5 skriður innan takmarka bæjarins, en 16 skriður aðrar í nágrenni að utan og sunnanverðu. Tvær skriður féllu í norðanverðum firðinum (Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958).

Þá hljóp skriða úr læk er rennur hjá síldarverksmiðjunni og fyllti þrær síldarverksmiðjunnar af aur og grjóti. ...og grófst síldarþrærnar á kaf í aur og leðju en tjón á verksmiðjuhúsinu varð ekki. ...og fyllti þrærnar af aur og vatni, en gerði ekki annað tjón á þeim og ekki heldur olúgeymi, sem skriða féll á. ...Tvær skriður falla á síldarbræðsluna, fylla þrær og gera fleiri spjöll.

Athugasemdir: Tvær skriður hafa greinilega hlaupið úr Hæðarlæk.

Heimildir: Halldór G. Pétursson 1992, Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958.

Mynd 12

Dagsetning: 1958 - 30. september.

Staðsetning: Seyðisfjörður - Strandatindur.

Farvegur: Hörmungarlækur (farvegur 11)

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Þann 26. tók aftur að rigna sunnan lands og vestan af völdum lægðar djúpt suðvestur í hafi. Lægðin olli stórrigningu á Suður- og Austurlandi næstu daga, mest var úrkoman á Austurlandi tvo síðustu daga mánaðarins.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Sjá lýsingu.

Lýsing: Seinni hluta dags þess 29. september. 1958, kvöldið og aðfaranótt 30. rigndi óhemjumikið og fram eftir degi þann 30. september. Mældist úrkoman kl. 8 að morgni þann 30. september. 97,8 mm og að morgni þann 1. október. 64,1 mm. Hljóp óhemjuvöxtur í alla læki beggja vegna fjarðarins, en þar sem norðaustan átt var, 4-5 vindstig, mæddi mest á syðri hlíðum fjarðarins. Um kl. 3 aðfaranótt þann

30. byrja skriðurnar að falla úti á Strönd. Féll þá strax stór skriða um 100 m breið og stórgrýtt, við svonefndan Borgartanga. Um kl. 5 að morgni féll skriða við við húsið Hörmung innan við Síldarbræðsluna og Shell tanka, hálfgröfufur það í aur og grjóti. Rúmlega 10 að morgni fellur skriða á húsið Skuld tvílyft steinhús og fer í gegnum það og stóreyðileggur það ef ekki gereyðileggur. Fjánhús og hlaða færast til, geymsluhús í eigu H. Johannsens kaupmanns mölbrotnar, hlaða og fjós splundrast. Það sem eftir var af Hörmung gjöreyðilagðist. Kjallari í íbúðarhúsi H. Johannsens fylltist af aur, auk mikilla annarra skemmda. Tvær skriður falla á síldarbræðsluna, fylla þrær og gera fleiri spjöll. Alls féllu 5 skriður innan takmarka bæjarins, en 16 skriður aðrar í nágrenni að utan og sunnanverðu. Tvær skriður féllu í norðanverðum firðinum (Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958).

Það var seinni hluta nætur í fyrri nótt (30.09.), sem rigningin, er verið hafði allan mánudaginn, jókst svo að um hreint skýfall var að ræða. Strax í gærmorgun tók fólk sem býr í útjaðri bæjarins, þar sem kallað er Strönd, að ugga um hag sinn, því þá munu smáskriður verið teknar að falla. ...Alls féllu 5 skriður innan takmarka kaupþúnsins og 16 skriður í nágrenni þess. ...Mesta skriðan mun vera um 4-5 m á þykkt. ...Eftir hádegis fór að draga úr hlaupunum og rignði ekki síðdegis í gær. ..Fólk úr 20-30 húsum flutti á brott, þar sem hættan var mest á skriðuföllum. ...en fólk varð að yfirgefa um 5-10 hús í gærmorgun.

Um kl. 5 að morgni féll skriða við við húsið Hörmung innan við Síldarbræðsluna og Shell tanka, hálfgröfufur það í aur og grjóti....húsið Hörmung, sem er gamalt timburhús og bjó ekki í því annað fólk en öldruð kona, sem var fjarverandi. Hljóp aurflóðið inn á neðri hæð hússins og stórskemmdi það.

...Fyrir kl. 10 hafði fólkið í húsunum Skuld og Hörmung yfirgefið þau.

Athugasemdir: Tvær skriður virðast hafa hlaupið á húsið Hörmung. Önnur skriðan um kl 5 um morguninn, úr Hörmungarlæk (farvegur 11). Hin skriðan féll um 10 leitið úr Skuldarlæk (farveg 13).

Heimildir: Halldór G. Pétursson 1992, Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958.

Mynd 12

Dagsetning: 1958 - 30. september.

Staðsetning: Strandatindur.

Farvegur: Skuldarlækur (farvegur 13).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Þann 26. tók aftur að rigna sunnan lands og vestan af völdum lægðar djúpt suðvestur í hafi. Lægðin olli stórrigningu á Suður- og Austurlandi næstu daga, mest var úrkoman á Austurlandi tvo síðustu daga mánaðarins.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Sjá lýsingu.

Lýsing: Seinni hluta dags þess 29. september 1958, kvöldið og aðfaranótt 30. rignði óhemjumikið og fram eftir degi þann 30. september. Mældist úrkoman kl. 8 að morgni þann 30. september. 97,8 mm og að morgni þann 1. október. 64,1 mm. Hljóp óhemjuvöxtur í alla læki beggja vegna fjarðarins, en þar sem norðaustan átt var, 4-5 vindstig, mæddi mest á syðri hlíðum fjarðarins. Um kl. 3 aðfaranótt þann 30. byrja skriðurnar að falla úti á Strönd. Féll þá strax stór skriða um 100 m breið og stórgrýtt, við svonefndan Borgartanga. Um kl. 5 að morgni féll skriða við við húsið Hörmung innan við Síldarbræðsluna og Shell tanka, hálfgröfufur það í aur og grjóti. Rúmlega 10 að morgni fellur skriða á húsið Skuld tvílyft steinhús og fer í gegnum það og stóreyðileggur það ef ekki gereyðileggur. Fjánhús og hlaða færast

til, geymsluhús í eigu H. Johannsens kaupmanns mölbrotnar, hlaða og fjós splundrast. Það sem eftir var af Hörmung gjöreyðilagðist. Kjallari í íbúðarhúsi H. Johannsens fylltist af aur, auk mikilla annarra skemmda. Tvær skriður falla á síldarbræðsluna, fylla þrær og gera fleiri spjöll. Alls féllu 5 skriður innan takmarka bæjarins, en 16 skriður aðrar í nágrenni að utan og sunnanverðu. Tvær skriður féllu í norðanverðum firðinum (Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958).

..Fólk úr 20-30 húsum flutti á brott, þar sem hættan var mest á skriðuföllum. ...en fólk varð að yfirgefa um 5-10 hús í gærmorgun.

...Mest var hlaupið í læk sem rennur niður hjá húsinu Skuld en það er steinhús er stendur á skriðunni er lækurinn hefur myndað neðan við hlíðina. Hljóp lækurinn á það um kl. 10 og tvö hús önnur. Mesta skriðan féll að húsinu Skuld skammt frá. Er það steinhús með timburgólfum. Bjó þar stór fjölskylda. Fólkið slapp naumlega út, en aurinn og grjótið hlóðst í allt að 3 m háan garð umhverfis húsið. Fallegur trjagarður við húsið geyrdilagðist. Grjótið braut eldhúsglugga og flæddi aurinn þar inn og braut niður gólfið og mun húsið vera nær ónýtt. ...Hús Jóhansens kaupmanns, sem er rétt neðan við Skuld er og umkringt urð, en ekki skemmt að ráði. ...Var annað þeirra Hörmung, timburhús, og bjó enginn í því. Hitt var hús Haralds Jóhansens kaupmanns (Pöntun). Talið er mjög vafasamt að hægt verði að gera við tvö fyrrnefndu húsin, en skriðan rann gegnum annað húsið og braust inn í hitt. Þar sem áður var trjagarður er nú stórgrýtisurð. Hús Jóhansen er stórskemmt. Á sömu skriðunni stóðu einnig gripahús og hlaða nær fjallinu, og eyðilagði skriðan þau. Ennfremur eyðilögðust matjurtagarðar Jóhansens kaupmanns, er voru á skriðunni og lagðist stórgrýti og aur yfir allt saman. Lækurinn sem þessu tjóni olli, hefur oft hlaupið áður.

...Fyrir kl. 10 hafði fólkið í húsunum Skuld og Hörmung yfirgefið þau. ...og slapp fólkið naumlega út. Einn piltur um tvítugt lenti í aur upp að mitti, en gat rifið sig upp úr á síðustu stundu.

Athugasemdir: Rúmlega 10 að morgni fellur skriða úr Skuldarlæk, á húsið Skuld tvílyft steinhús og fer í gegnum það og stóreyðileggur það ef ekki geyrdileggur. Fjánhús og hlaða færast til, geymsluhús í eigu H. Johannsens kaupmanns mölbrotnar, hlaða og fjós splundrast. Það sem eftir var af Hörmung gjöreyðilagðist (önnur skriða úr Hörmungarlæk féll á það um 5 leitið um morguninn). Kjallari í íbúðarhúsi H. Johannsens (Pöntun) fylltist af aur, auk mikilla annarra skemmda.

Heimildir: Halldór G. Pétursson 1992, Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958.

Mynd 12

Dagsetning: 1958 - 30. september.

Staðsetning: Strandatindur.

Farvegur: Stöðvarlækur (farvegur 14).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Þann 26. tók aftur að rigna sunnan lands og vestan af völdum lægðar djúpt suðvestur í hafi. Lægðin olli stórrigningu á Suður- og Austurlandi næstu daga, mest var úrkoman á Austurlandi tvo síðustu daga mánaðarins.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Sjá lýsingu.

Lýsing: Seinni hluta dags þess 29. september. 1958, kvöldið og aðfaranótt 30. rigndi óhemjumikið og fram eftir degi þann 30. september. Mældist úrkoman kl. 8 að morgni þann 30. september. 97,8 mm og að morgni þann 1. október. 64,1 mm. Hljóp óhemjuvöxtur í alla læki beggja vegna fjarðarins, en þar sem norðaustan átt

var, 4-5 vindstig, mæddi mest á syðri hlíðum fjarðarins. Um kl. 3 aðfaranótt þann 30. byrja skriðurnar að falla úti á Strönd. Féll þá strax stór skriða um 100 m breið og stórgrýtt, við svonefndan Borgartanga. Um kl. 5 að morgni féll skriða við við húsið Hörmung innan við Síldarbræðsluna og Shell tanka, hálfgræfur það í aur og grjóti. Rúmlega 10 að morgni fellur skriða á húsið Skuld tvílyft steinhús og fer í gegnum það og stóreyðileggur það ef ekki gereyðileggur. Fjánhús og hlaða færast til, geymsluhús í eigu H. Johannsens kaupmanns mölbrotnar, hlaða og fjós splundrast. Það sem eftir var af Hörmung gjöreyðilagðist. Kjallari í íbúðarhúsi H. Johannsens fylltist af aur, auk mikilla annarra skemmda. Tvær skriður falla á síldarbræðsluna, fylla þrær og gera fleiri spjöll. Alls féllu 5 skriður innan takmarka bæjarins, en 16 skriður aðrar í nágrenni að utan og sunnanverðu. Tvær skriður féllu í norðanverðum firðinum (Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958).

...Um kl. 06 í gærmorgun kom fyrsta hlaup úr Strandatindi. Lækurinn, sem rennur niður innan við símsstöðina, spýtti mikilli gusu fram, og fór hún yfir veginn og teppti hann. Stefndi sú skriða á hafnarbyggjuna. ...féll í gili við símsstöðvarhúsið, sem sjálft varð ekki fyrir skemmdum, en grjót og aur er þar kringum húsið og á brú á læknum yfir Hafnargötu, sem varð ófær eftir hlaupið.

Heimildir: Halldór G. Pétursson 1992, Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958.

Mynd 13

Dagsetning: 1960 - 30. júlí

Staðsetning: Strandatindur.

Farvegur: Líklega Þófalækur (farvegur 8 og 9)

Tegund skriðu: Aurskriða, mikið stórgrýti.

Veður: Norðaustlæg og austlæg átt ríkjandi. Langmest rigndi á Austurlandi þann 29.-30.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Vegur tepptist.

Lýsing: Snemma í morgun hljóp allstór stórgrýtis- og aurskriða rétt fyrir innan söltunarstöð Strandarinnar. Þar stóðu á plani 1500 tonn af saltsíld, sem sluppu þó til allrar hamingju. Ekki er hægt að segja, að skriða þessi hafi valdið tjóni, þar sem hún féll yfir óræktarland. ..Mikil skriðuföll urðu á Seyðisfirði aðfaranótt laugardags, en geysimikið vatnsveður stóð þar allan föstudaginn og fram á laugardagsmorgun. ...Mikill vöxtur hljóp í allar ár og læk í rigningunni, og um miðnætti hljóp allmikil aurskriða fram læk, sem fellur innan við söltunarstöðina Strönd. ...Innan við lækinn stendur íbúðarhús, og féll skriðan í um 50 m fjarlægð frá því. Vinnu var að ljúka í söltunarstöðinni þegar þetta gerðist og voru menn nýfarnir yfir um aurskriðuna, þegar mikil stórgrýtisskriða hljóp fram sama farveg. Er hún um 50 m breið, en mannhæðarþykk, þar sem hún er mest. Ekkert tjón varð af þessum skriðuföllum nema vegurinn til söltunarstöðvarinnar tepptist.

Athugasemdir: Þessi aurskriða hefur að öllum líkindum komið úr Þófalæk, íbúðarhúsið er líklega Strandavegur 22, Björgvin.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1992.

Ekki á mynd

Dagsetning: 1960 - 30. júlí

Staðsetning: Strandartindur

Farvegur: Margir farvegir út með Fjarðarströnd, staðsetningar óþekktar.

Tegund skriðu: Aurskriður.

Veður: Norðaustlæg og austlæg átt ríkjandi. Langmest rigndi á Austurlandi þann 29.-30.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Ekki getið.

Lýsing: ..Mikil skriðuföll urðu á Seyðisfirði aðfaranótt laugardags, en geysimikið vatnsveður stóð þar allan föstudaginn og fram á laugardagsmorgun. ...Mikill vöxtur hljóp í allar ár og læki í rigningunni. ...Þá féllu margar minni skriður utar með firðinum, en ekki mun hafa hlotist tjón af þeim.

Athugasemdir: Staðsetningar á þessum skriðum eru ekki þekktar, annað en þær voru utan við söltunarstöð Strandarinnar.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1992.

Mynd 13

Dagsetning: 1974 - 25. ágúst

Staðsetning: Strandatindur.

Farvegur: Þófalækur (farvegur 8 og 9).

Tegund skriðu: Aurskriða

Veður: Lægð var fyrir suðaustan land þann 24. og fór vaxandi. Hvassviðri breiddist út um allt land. Var víða stormur þann 25., sums staðar slydda og snjócoma og mikið vatnsveður austan og norðanlands. Vatnavextir og vegaskemmdir.

Orsök skriðu: Mikil rigning.

Tjón og mannskaðar: Sjá lýsingu.

Lýsing: Margar skriður hlupu úr Strandatindi aðfaranótt sunnudags í rigningunni miklu, sem dundi þá yfir. Úrkoma var feikileg.

Stærsta skriðan féll við Söltunarstöðina Strönd á sama stað og 5 manns fórust 1950, en engar skemmdir urðu nú á mannvirkjum. ...Þá féll stór skriða við svokallaða Strönd. Lokaði hún veginum. ...Miklar skriður hlupu úr Strandatindi við Seyðisfjörð og ullu þær nokkrum skemmdum.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

Ekki á mynd

Dagsetning: 1974 - 25. ágúst

Staðsetning: Strandatindur.

Farvegur: Margir farvegir út með Fjarðarströnd, staðsetningar óþekktar.

Tegund skriðu: Aurskriður.

Veður: Lægð var fyrir suðaustan land þann 24. og fór vaxandi. Hvassviðri breiddist út um allt land. Var víða stormur þann 25., sums staðar slydda og snjócoma og mikið vatnsveður austan og norðanlands. Vatnavextir og vegaskemmdir.

Orsök skriðu: Mikil rigning.

Tjón og mannskaðar: Nokkrar skemmdir (á vegi ?)

Lýsing: Margar skriður hlupu úr Strandatindi aðfaranótt sunnudags í rigningunni miklu, sem dundi þá yfir. Úrkoma var feikileg.

Miklar skriður hlupu úr Strandatindi við Seyðisfjörð og ullu þær nokkrum skemmdum.

Athugasemdir: Staðsetningar á þessum skriðum eru ekki þekktar, en líklega hafa þær verið utan við söltunarstöð Strandarinnar.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

Mynd 13

Dagsetning: 1974 - 25. ágúst

Staðsetning: Seyðisfjörður - Strandatindur

Farvegur: Búðará (farvegur 15).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Lægð var fyrir suðaustan land þann 24. og fór vaxandi. Hvassviðri breiddist út um allt land. Var víða stormur þann 25., sums staðar slydda og snjócoma og mikið vatnsveður austan og norðanlands. Vatnavextir og vegaskemmdir.

Orsök skriðu: Mikil rigning.

Tjón og mannskaðar: Sjá lýsingu.

Lýsing: Margar skriður hlupu úr Strandatindi aðfaranótt sunnudags í rigningunni miklu, sem dundi þá yfir. Úrkoma var feikileg.

Ofan við Múla hljóp Búðará og eyðilagði fjárhús, sem var í byggingu. Vatn og aur hljóp yfir stórt svæði og eyðilagði m.a. nýlagfærða lóð í kringum hús Pósts og Síma. Grjótskriða féll yfir Framhústún og trjagarður, sem var við húsið Múla, skemmdist mjög mikið og allar girðingar á stóru svæði þarna eyðilögðust. Grjót- og aurskriður eru alveg niður í sjó.

...Snemma á sunnudagsmorgun féll skriða yfir Búðareyrina, eftir Búðará, þar sem hún rennur milli húsanna nr. 6 og 10 við Hafnargötu. Bar skriðan mikinn aur og stórgrýti með sér og stíflaði lækinn, svo að vegurinn varð ófær. Myndaðist mikið vatn við þetta og flæddi upp að nýju símstöðinni. ...Það var talsvert verk að ryðja svo að Búðaráin félli aftur leið sína til sjávar.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

Mynd 14

Dagsetning: 1981 - 25. september.

Staðsetning: Bjólfur.

Farvegur: Farvegur 8

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Á Austurlandi rigndi mjög mikið í norðaustan átt. Það var búið að rigna meira og minna í þrjár vikur.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Féll á verbúð, skemmdi skeið.

Lýsing: Á föstudag (þann 25.) féllu tvær skriður úr Bjólfinum. Önnur féll beint upp af gamalli verbúð frá síldarárunum. Skriðan féll á verbúðina og orsakaði mikið tjón, því þar var mikið af fullþurrkaðri skreið sem beið útflutnings, en skreiðin skemmdist við skriðufallið. Þessi skriða lokaði veginum.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

Mynd 14

Dagsetning: 1981 - 25. september.

Staðsetning: Bjólfur.

Farvegur: Líklega farvegur 9.

Tegund skriðu: Aurskriða.


Veður: Á Austurlandi rigndi mjög mikið í norðaustan átt. Það var búið að rigna meira og minna í þrjár vikur.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.


Tjón og mannskaðar: Vegur lokast.

Lýsing: Á föstudag (25.) féllu tvær skriður úr Bjólfinum. ...Einum 400 m utan við verðbúðina féll önnur skriða, sem einnig lokaði veginum.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.



Mynd 14. Aurskriður úr Bjólfinum. Aurskriður féllu úr farvegum 8 og 9 þann 25. september 1981 og þann 25. júní 1988 úr Jókugili.



Mynd 15. Aurskriður úr Strandartindi 25. september 1981. Aurskriða féll úr Imslands-gili við Neftún og úr Botnahlíðinni.

Mynd 15

Dagsetning: 1981 - 25. september.

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Imslandsgil (farvegur 6).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Á Austurlandi rigndi mjög mikið í norðaustan átt. Það var búið að rigna meira og minna í þrjár vikur.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Ekkert

Lýsing: Sunnan fjarðarins féll skriða við svokallað Neftún úr Strandatindi.

Athugasemdir: Neftún stendur utan við Imslandshús neðan við Imslandsgil (farvegur 6).

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991

Mynd 15

Dagsetning: 1981 25. september.

Staðsetning: Botnahlíð

Farvegur: ?

Tegund skriðu: Aurskriður.

Veður: Á Austurlandi rigndi mjög mikið í norðaustan átt. Það var búið að rigna meira og minna í þrjár vikur.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Skriðurnar féllu að húsum, skemmdu lóðir.

Lýsing: Einar þrjár skriður féllu úr Botnum fyrir ofan Botnahlíð, en þar er efsta byggðin sunnan fjarðarins. Skriður þessar féllu alveg niður að byggðinni og í sumum tilvikum fóru þær alveg inn á húsatún (skemmdir á lóðum).

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

Mynd 14

Dagsetning: 1988 - 25. júní.

Staðsetning: Bjólfur

Farvegur: Jókugil (farvegur 1).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Miklir hitar, leysingar.

Orsök skriðu: Miklir hitar og mikil leysing í fjöllum.

Tjón og mannskaðar: Ekkert.

Lýsing: Aurskriða féll úr Bjólfinum þann 25. milli kl. 17 og 18. Skriðan átti upptök sín mjög ofarlega í fjallinu og rann niður svokallað Jókugil, alveg niður á tún innan við bæinn og kom niður við hliðina á gömlum fjárhúsum sem þar standa, skammt fyrir ofan kirkjugarðinn. Hitinn fór upp í 29 stig þennan dag og því miklar leysingar í fjöllum og mun það trúlega vera orsökina fyrir að þessi skriða fór af stað.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

Ekki á mynd

Dagsetning: 1988 - 3. september.

Staðsetning: Strandartindur

Farvegur: Fyrir ofan Borgartanga.

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Norðaustanátt og rigning um norðan- og austanvert landið.

Orsök skriðu: Rigningar.

Tjón og mannskaðar: Ekkert.

Lýsing: Aurskriða féll úr Strandartindi utan við Seyðisfjarðarkaupsstað um kl. 13.30 þann 3. Féll skriðan á veginn um 4 km fyrir utan bæinn. Jarðvegur ofarlega í Strandartindi hafði runnið niður gil og yfir veginn hjá Borgartanga.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

Ekki á mynd

Dagsetning: 1989 -11.-12. ágúst

Staðsetning: Strandartindur

Farvegur: Margir farvegir á Fjarðarströnd, staðsetning óþekkt

Tegund skriðu: Aurskriður.

Veður: Þann 11. ágúst var austan strekkingur og dýpkandi lægð suðaustur af landinu á leið norður, mikið vatnsveður var austanlands.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Vegir lokast og skemmast.

Lýsing: Ljóst er að milljónatjón hefur orðið á Seyðisfirði er 13 aurskriður, þar af þrjár eða fjórar mjög þykkar og efnismiklar, féllu úr fjallinu Strandartindi á ysta hluta bæjarins aðfaranótt laugardags. Skriðurnar féllu frá Búðará og út með Strandartindi. Engin slys urðu á mönnum, en um tuttugu fjölskyldum var skipað að yfirgefa heimili sín um nóttina, auk þess sem ein verbúð var rýmd.

...Það var um kl. 22 á föstudagskvöldið (þann 11.), sem ástæða þótti til að fara að gera varúðarráðstafanir í bænum vegna úrhellisrigningar og mikilla vatnavaxta. Um kl. 23.40 var hafist handa við að rýma hættusvæðið.

Lögregluvarðstjóri og bæjarverkstjóri fóru á lögreglubíl út með ströndinni sunnan megin við fjörðinn, þar sem allar skriðurnar féllu, að kanna vöxt í ám og lækjum. Meðan á eftirlitsferð þeirra stóð féllu tvær skriður á veginn, sitt hvoru megin við þá og þeir lokuðust inni. ...Vegurinn út með firðinum var tepptur af skriðum og í sundur vegna vatnsflaums á nokkrum stöðum.

Athugasemdir: Sagt er að 13 aurskriður hafi fallið þennan dag á Seyðisfirði og í næsta nágrenni. Staðsetning flestra þeirra er óþekkt eins og t.d. þessara sem féllu út með Fjarðarströnd.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991

Mynd 16

Dagsetning: 1989 - 11.-12. ágúst

Staðsetning: Strandartindur

Farvegur: Þófalækur (farvegur 8 og 9).


Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Þann 11. ágúst var austan strekkingur og dýpkandi lægð suðaustur af landinu á leið norður, mikið vatnsveður var austanlands.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Mikið tjón, sjá lýsingu.

Lýsing: Ljóst er að milljónatjón hefur orðið á Seyðisfirði er 13 aurskriður, þar af þrjár eða fjórar mjög þykkar og efnismiklar, féllu úr fjallinu Strandartindi á ysta hluta bæjarins aðfaranótt laugardags. Skriðurnar féllu frá Búðará og út með Strandartindi. Engin slys urðu á mönnum, en um tuttugu fjölskyldum var skipað að yfirgefa heimili sín um nóttina, auk þess sem ein verbúð var rýmd. ...Vegurinn út með firðinum var tepptur af skriðum og í sundur vegna vatnsflaums á nokkrum stöðum. Aðkoman að þeim hluta bæjarins, þar sem skriðurnar féllu, var ljót. Aur



Mynd 16. Aurskriður úr Strandartindi 11.-12. ágúst 1989. Skriður féllu á einum 13 stöðum úr Strandartindi, þar af voru fjórar efnismestar og ullu mestu tjóni. Gífurlegt eignatjón varð.

og grjót lá sums staðar í þykkum lögum á götunum og hafði flætt inn í garða og upp að húsum. Víða hafði vatn flætt inn í kjallara. Vatn stóð í lægðum um allan bæ.

...Það var um kl. 22 á föstudagskvöldið (þann 11.), sem ástæða þótti til að fara að gera varúðarráðstafanir í bænum vegna úrhellisrigningar og mikilla vatnavaxta. Um kl. 23.40 var hafist handa við að rýma hættusvæðið.

Fiskvinnslan Norðursíld hefur sennilega orðið einna verst úti af fyrirtækjunum.

Þar kom skriða á geymsluhús úr timbri og eyðilagði á því ytri endann.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991

Mynd 16

Dagsetning: 1989 - 11.-12. ágúst

Staðsetning: Strandartindur.

Farvegur: Hæðarlækur (farvegur 10).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Þann 11. ágúst var austan strekkingur og dýpkandi lægð suðaustur af landinu á leið norður, mikið vatnsveður var austanlands.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Mikið tjón, sjá lýsingu.

Lýsing: Ljóst er að milljónatjón hefur orðið á Seyðisfirði er 13 aurskriður, þar af þrjár eða fjórar mjög þykkar og efnismiklar, féllu úr fjallinu Strandartindi á ysta hluta bæjarins aðfaranótt laugardags. Skriðurnar féllu frá Búðará og út með Strandartindi. Engin slys urðu á mönnum, en um tuttugu fjölskyldum var skipað að yfirgefa heimili sín um nóttina, auk þess sem ein verbúð var rýmd. ...Aðkoman að þeim hluta bæjarins, þar sem skriðurnar féllu, var ljót. Aur og grjót lá sums staðar í

þykkum lögum á götunum og hafði flætt inn í garða og upp að húsum. Víða hafði vatn flætt inn í kjallara. Vatn stóð í lægðum um allan bæ.

...Það var um kl. 22 á föstudagskvöldið (þann 11.), sem ástæða þótti til að fara að gera varúðarráðstafanir í bænum vegna úrhellisrigningar og mikilla vatnavaxta. Um kl. 23.40 var hafist handa við að rýma hættusvæðið.

...Skriða féll einnig á Síldarverksmiðjur ríkisins. Hús voru talin að mestu ósködduð, en skriðan rann upp að hráefnistönkum fyrirtækisins.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

Mynd 16

Dagsetning: 1989 - 11.-12. ágúst

Staðsetning: Strandartindur

Farvegur: Stöðvarlækur (farvegur 14).

Tegund skriðu: Aurskriða.

Veður: Þann 11. ágúst var austan strekkingur og dýpkandi lægð suðaustur af landinu á leið norður, mikið vatnsveður var austanlands.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Mikið tjón, sjá lýsingu.

Lýsing: Ljóst er að milljónatjón hefur orðið á Seyðisfirði er 13 aurskriður, þar af þrjár eða fjórar mjög þykkar og efnismiklar, féllu úr fjallinu Strandartindi á ysta hluta bæjarins aðfaranótt laugardags. Skriðurnar féllu frá Búðará og út með Strandatindi. Engin slys urðu á mönnum, en um tuttugu fjölskyldum var skipað að yfirgefa heimili sín um nóttina, auk þess sem ein verbúð var rýmd. ...Aðkoman að þeim hluta bæjarins, þar sem skriðurnar féllu, var ljót. Aur og grjót lá sums staðar í þykkum lögum á götunum og hafði flætt inn í garða og upp að húsum. Víða hafði vatn flætt inn í kjallara. Vatn stóð í lægðum um allan bæ. ...Um tuttugu íbúðarhús, áfengisverslunin, bæjarskrifstofurnar og mörg helstu atvinnufyrirtæki bæjarins eru á svæðinu.

...Það var um kl. 22 á föstudagskvöldið (þann 11.), sem ástæða þótti til að fara að gera varúðarráðstafanir í bænum vegna úrhellisrigningar og mikilla vatnavaxta. Um kl. 23.40 var hafist handa við að rýma hættusvæðið. Almannaþingarnefnd ákvað að rýma öll hús utan við Áfengisverslunina.

Ein stærsta skriðan féll niður með bæjarskrifstofunum úr Stöðvarlæk, hreyf með sér fólksbíl nokkra metra og skildi hann eftir á húströppum. Skriðan skildi annan bíl eftir grafinn í aur upp að gluggum. Óttast var að skemmdir kynnu að hafa orðið á skjalasafni bæjarins, sem geymt er í kjallara bæjarskrifstofanna.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991.

Mynd 16

Dagsetning: 1989 - 11.-12. ágúst

Staðsetning: Strandartindur

Farvegur: Búðará (farvegur 15).

Tegund skriðu: Aurskriður.

Veður / aðdragandi: Þann 11. ágúst var austan strekkingur og dýpkandi lægð suðaustur af landinu á leið norður, mikið vatnsveður var austanlands.

Orsök skriðu: Miklar rigningar.

Tjón og mannskaðar: Mikið tjón, sjá lýsingu.

Lýsing: Ljóst er að milljónatjón hefur orðið á Seyðisfirði er 13 aurskriður, þar af þrjár eða fjórar mjög þykkar og efnismiklar, féllu úr fjallinu Strandartindi á ysta hluta bæjarins aðfaranótt laugardags. Skriðurnar féllu frá Búðará og út með

Strandartindi. Engin slys urðu á mönnum, en um tuttugu fjölskyldum var skipað að yfirgefa heimili sín um nóttina, auk þess sem ein verbúð var rýmd. ...Aðkoman að þeim hluta bæjarins, þar sem skriðurnar féllu, var ljót. Aur og grjót lá sums staðar í þykkum lögum á götunum og hafði flætt inn í garða og upp að húsum. Víða hafði vatn flætt inn í kjallara. Vatn stóð í lægðum um allan bæ. ...Um tuttugu íbúðarhús, áfengisverslunin, bæjarskrifstofurnar og mörg helstu atvinnufyrirtæki bæjarins eru á svæðinu.

...Það var um kl. 22 á föstudagskvöldið (þann 11.), sem ástæða þótti til að fara að gera varúðarráðstafanir í bænum vegna úrhellisrigningar og mikilla vatnavaxta. Um kl. 23.40 var hafist handa við að rýma hættusvæðið

Lögreglustöðin og Póst og Símahúsið var umflotið vatni og aur.

Heimild: Halldór G. Pétursson 1991

Skriður utan byggðar í Seyðisfirði

Töluvert af skriðum hefur fallið utan þéttbýlis í Seyðisfirði á því tímabili sem hér er fjallað um. Á þessu tímabili hafa skriður eflaust fallið oftast, en eins og oft vill verða eru ekki skriður skrásettar, nema um stærri atburði hafi verið að ræða eða þær hafi valdið einhverju tjóni. Í töflu 1 eru talin upp þau skriðuföll sem fallið hafa utan byggðar á Seyðisfirði og heimildir eru til um (Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1991, 1992, 1995, 1996).

Í þremur af þessum tilvikum er staðsetning á skriðunum óljós, en miðað við orðalag virðist frekar átt við sveitina en kaupstaðinn. Í öðrum þremur tilvikum hafa skriður eingöngu fallið í sveitinni, en engum sögum fer af skriðuföllum í kaupstaðnum. Flestar hafa þessar skriður fallið í norðanverðum Seyðisfirði, í nágrenni við bæna Dvergastein, Sunnuhvol og Selsstaði. Minni sögum fer af skriðuföllum í sveitinni sunnan fjarðarins en vitað er að stórar skriður hafa fallið á Hánefsstaðadal (Jón Sigurðsson, Hánefstöðum - munnlegar upplýsingar). Þá er allt eins hugsanlegt að óstaðsettu skriðurnar hafi fallið í ysta hluta Strandartinds, en þar eru mörg og stór gil, sem skriðuföll eru algeng úr.

Ofarlega í fjöllum í norðanverðum Seyðisfirði er efnismikill hjalli gerður úr lausum jarðlögum. Þessi hjalli er að uppruna hliðarurð skriðjökulsins sem lá í firðinum á síðasta jökulskeiði (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1998). Hausar ofan við Sunnuhvol og Dvergastein eru hluti af hliðarhjallanum sem þarna hefur hrunið niður að fornu, í miklum skriðuföllum. Síðast féll stór og efnismikil skriða þann 4. október 1985, rétt innan við bæinn að Selsstöðum. Þar sjást einnig ummerki um eldri skriður, sem eins og þessi hafa átt sér upptök í hliðarhjallanum. Greinilegt er að töluverð hættu getur stafað af skriðum sem eiga sér upptök í hliðarhjallanum, vegna þess hve efnismiklar þær geta orðið.

Tafla 1. Skriðuföll sem orðið hafa utan byggðar í Seyðisfirði frá 1901 til 1997.

Dagsetning	Staðsetning	Tjón	Veður
16.-23. september. 1901.	Seyðisfjörður.	Sagt að víða hafi aurskriður fallið. Brúna á Vestdalsá tók í vatnavöxtum, annað tjón óþekkt.	Miklar rigningar og vatnavextir í um vikutíma.
Byrjun september. 1912.	Seyðisfjörður.	Skriður féllu allvíða í Seyðisfirði og gerðu nokkur landspjöll.	Stormar og rigningar á hverjum degi og snjóaði ofan í miðjar hlíðar. Sennilega NA-átt.
5.-7. ágúst 1946.	Norðanverður Seyðisfjörður.	Mikið tjón varð, svo sem brotnir símastaurar. Tók af túnspildu og skák af Dvergasteinsengi. Braut hlöður og fjárhús.	Lægð fór austur fyrir fyrir sunnan land. Vindur snérist úr suðaustri í norðaustur og hvessti talsvert á stöku stað. Miklar rigningar voru um austanvert landið, þann 6. voru 63,2 m á Dalartanga, þann 7. 64,0 mm á Teigahorni.
19. ágúst 1950.	Norðanverður Seyðisfjörður og botn Seyðisfjarðar.	Á Selsstöðum fór skriða yfir 2/3 af túninu og skemmdir urðu á útihúsum. Fjárhús brotnaði og súrheysgryfja og hálf heyhlaða fylltust af aur.	Mikil úrkoma allt sumarið. Á Seyðisfirði byrjaði að rigna upp úr miðnætti þann 19. og þegar leið á nóttina gerði stórrigningu og hélst hún fram undir hádegi. Mæld var 78 mm úrkoma til kl. 9 um morguninn og mun mest af henni fallið á 4-5 klst.
30. september. 1958.	Norðanverður Seyðisfjörður, Fjarðarheiði?	Tvær skriður féllu norðan fjarðarins. Eins er talið sennilegt að skriður hafi hlaupið á veginn um Fjarðarheiði.	Þann 26. tók aftur að rigna sunnanlands og vestan af völdum lægðar djúpt suðvestur í hafi. Lægðin olli stórrigningu á Suður- og Austurlandi næstu daga, mest var úrkoman á Austurlandi tvo síðustu daga mánaðarins.
16. júní 1962.	Norðanverður Seyðisfjörður.	Þrjár skriður féllu norðanmegin í firðinum. Um 20 kindur fórust.	Síðan brá til hvassrar ANA og NA áttar með rigningu með rigningu og snjókomu á hálendi, um austan og norðanvert landið. Var úrkoma sérstaklega mikil á norðanverðum Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austurlandi þann 14. og 15.
4. október 1985.	Selsstaðir.	Skriðan féll úr fjallinu Grýtu ofan við bæinn. Upptök í um 700-800 m hæð og féll hún niður undir sjó. Skriðan gjör-eyðilagði fjárrétt. Símastaurar og girðingar eyðilögðust. Skemmdir á landi miklar.	Mikil úrkoma á Austfjörðum um þetta leyti.
27. ágúst 1994.	Dvergasteinn.	Skriðan féll niður beint fyrir ofan bæinn, en stöðvaðist um 50 m frá honum. Lokaði veginum og braut girðingar.	Stórrigning var á Austfjörðum um helgina 26.-28.08. Mældist úrkoman á Dalatangi 2 daga í röð 150 mm samfellt.

Þakkarorð

Eins og áður hefur komið fram þá er skýrsla þessi unnin í samvinnu Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Eftirtaldir aðilar hafa lesið yfir skýrsluna eða veitt aðrar upplýsingar og færur við þeim öllum bestu þakkir fyrir: Jón Sigurðsson og Sigurður Jónsson, Hánefstöðum; Jóhann Sveinbjörnsson, Seyðisfirði; Þorleifur Dagbjartsson, Stöðvarfirði; Hallgrímur Jónsson Seyðisfirði og Vilmundur Þorgrímsson, Seyðisfirði.

Heimildir

Dagbók veðurathugunarmanns á Seyðisfirði, árið 1958.

Halldór G. Pétursson 1991: Drög að skriðuannál 1971-1990. *Náttúrufræðistofnun Norðurlands*. Skýrsla 14, 58 bls.

Halldór G. Pétursson 1992: Skriðuannáll 1951-1970. *Náttúrufræðistofnun Norðurlands*. Skýrsla 16, 57 bls.

Halldór G. Pétursson 1995: Skriðuannáll 1993-1994. *Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri*. Skýrsla 2, 18 bls.

Halldór G. Pétursson 1996: Skriðuannáll 1925-1950. *Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri*. Skýrsla 3, 69 bls.

Ólafur Jónsson 1957: *Skriðuföll og snjóflóð I og II bindi*. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 586 og 555 bls.

Þorsteinn Sæmundsson & Halldór G. Pétursson 1998: *Könnun á skriðuhættu á Seyðisfirði*. Veðurstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands, Vinnueintak.